

Menningarsamstarfssamningar um menningarmál og menningartengda ferðaþjónustu

Menntamálaráðherra og samgönguráðherra hafa undirritað [samninga](#) um samstarf menntamálaráðuneytis og samgönguráðuneytis við samtök sveitarfélaga á Norðurlandi eystra, Norðurlandi vestra, Vestfirðum, Suðurlandi og Suðurnesjum um menningarmál og menningartengda ferðaþjónustu. Er þetta í fyrsta sinn sem gengið er til slíks samstarfs við þessa landshluta en áður hefur verið gengið til samstarfs við Austurland árið 2001 og Vesturland árið 2005 með sambærilegum hætti.

Tilgangur menningarsamninganna er að efla menningarstarf á viðkomandi landssvæði og beina stuðningi ríkis og sveitarfélaga við slíkt starf í einn farveg. Jafnframt eru áhrif sveitarfélaga á forgangsröðun verkefna aukin. Menningarráð verður samstarfsvettvangur sveitarfélaga og hefur meðal annars það hlutverk að standa fyrir öflugu þróunarstarfi í

menningarmálum, úthluta fjármagni til menningarverkefna og verkefna á sviði menningartengdrar ferðaþjónustu jafnframt því að annast framkvæmd samningsins. Menningarráðið hefur að auki það hlutverk að samræma aðgerðir á sviði menningarmála skv. sérstökum samstarfssamningi þar um.

Ríkið leggur til framlög til samninganna en sveitarfélögin leggja jafnframt fram fé til sameiginlegra verkefna hvort heldur er með framlögum frá einkaaðilum eða með eigin framlögum. Skal við það miðað að árið 2008 nemi framlag sveitarfélaganna a.m.k. 17,5% af þeirri heildarfrjárhæð sem veitt er til verkefnastyrkja og 25% árið 2009. Þá skulu sveitarfélögin greiða að lágmarki þriðjung kostnaðar vegna starfsemi Menningarráðsins árið 2008 og helming kostnaðar árið 2009. Gildistími samninganna er til ársloka 2009.

Menningarstefna ESB kynnt

Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins kynnti þann 8. maí sl. stefnu í menningarmálum. Þetta er í fyrsta sinn í 50 ára sögu Evrópusambandsins og forvera þess, að sett er fram stefna á þessu sviði. Hún kemur í kjölfar ályktunar Leiðtoga ráðs ESB frá mars sl. þar sem segir m.a. að framkvæmdastjórnin eigi að líta sérstaklega til menningarmála og skapandi starfssviða við endurskoðun Lissabon-áætlunarinnar enda séu þessir málaflokkar hvati framfara, atvinnusköpunar og nýsköpunar. Sjá nánar: <http://menntamalaraduneyti.is/frettir/Brussel/>



Skipanir í embætti

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, menntamálaráðherra, hefur skipað dr. Helga Torfason í embætti safnstjóra Náttúruminjasafns Íslands til fimm ára, frá 8. maí 2007. Náttúruminjasafn Íslands er ný stofnun sem stofnuð var með lögum um Náttúruminjasafn Íslands [nr. 35/2007](#). Safninu er ætlað að vera höfuðsafn á sviði náttúrufræða og hefur það hlutverk að varpa ljósi á náttúru Íslands, sögu landsins, nýtingu og náttúruvernd.

Þá hefur menntamálaráðherra skipað

Katrínu Hall í embætti listdansstjóra Íslenska dansflokksins til fimm ára frá 1. ágúst 2007 að telja. Embætti listdansstjóra var auglýst laust til umsóknar með auglýsingu, dags. 4. mars 2007. Fimm umsóknir bárust um embættið sem sendar voru stjórn Íslenska dansflokksins til umsagnar og tillögugerðar. Stjórnin mælti í umsógn sinni til menntamálaráðherra með því að Katrínu Hall yrði veitt embættið.



Með reglum um starfsemi Íslenska dansflokksins [nr. 14/2002](#) var listdansstjóri gerður að forstöðumanni dansflokksins í stað framkvæmdastjóra skv. eldri reglum. Katrín Hall hefur gegnt starfi listdansstjóra Íslenska dansflokksins frá árinu 1996.

Rafræn innritun í framhaldsskóla hefst 14. maí

Innritun í framhaldsskóla fer fram dagana 14. maí til 11. júní 2007. Þann 14. maí verður opnað fyrir rafræna innritun á skólavef menntamálaráðuneytis, [menntagatt.is](#). Allar umsóknir um nám í dagskóla eru rafrænar. Sótt er um á netinu og berast umsóknir beint til upplýsingakerfa framhaldsskólanna.

Rafræn innritun auðveldar yfirsýn yfir eftirspurn nemenda eftir skólum og námsbrautum. Fyrr verður ljóst hverjar óskir nemenda eru og því auðveldara að bregðast við þeim. Þjónusta við nemendur verður betri og nýir möguleikar opnast til að tengja innritunina námsráðgjöf og öðrum þáttum skólastarfsins í grunnskólum í samvinnu við framhaldsskóla.

Innritun í nám í kvöldskóla, fjarnám og

annað nám en í dagskóla verður með hefðbundnum hætti. Innritun fer fram í þeim framhaldsskólum sem hafa slíkt nám í boði.



Royal de Luxe Franskt risagötuleikhús í fyrsta sinn á Íslandi

Royal de Luxe er óvenjulegt götuleikhús frá Frakklandi sem ferðast um allan heim til að færa fólki ævintýri. Hinar óhefðbundnu og undurfurðulegu uppfinningar Royal de Luxe hafa vakið fögnuð hundruða barna og fullorðinna - með risafígúrum sem arka um götur líkt og Risessan, 8 metra há strengjabrúða sem mun heimsækja Íslendinga 10.-12. maí. Heimsóknin er eitt af upphafsatriðum á Listahátíð í Reykjavík 2007 og jafnframt lokahnykkurinn á frönskum menningarkynningunni „Pourquoi pas? Franskt vor á Íslandi“, sem menntamálaráðuneyti stendur að með frönskum yfirvöldum.

Royal de Luxe leikhópurinn var stofnaður árið 1979 í Aix-en-Provence. Með hópnem starfar fjöldi dansara, leikara, tónlistarfólks og tæknimanna sem öll hjálpast að við að gera ævintýrið að veruleika, en um 15 manns þarf til að stýra hreyfingum einnar brúðu.

